

Nd.

273. Framvarp

til laga um breyting á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

32. gr. orðist þannig:

Með þeirri undantekningu, sem getur um í 36. gr. laga þessara, vinnur hver sá, er hefir rjett innborinna manna, sjer framfærslurjett í þeirri sveit (31. gr.), þar er hann hefir eftir 16 ára aldur dvalið lengst samfleytt búandi eða vistfastur, eða haft löglegt heimilisfang, þó ekki skemur en 5 ár, enda hafi hann eigi þegið sveitarstyrk á þeim árum.

2. gr.

33. gr. orðist þannig:

Nú hefir maður dvalið jafnlengi samfleytt í fleiru en einu sveitarfjelagi, 5 ár eða lengur og á hann þá rjett til framlærslu í þeirri sveit einni, þar er hann dvaldi síðast. Þeirri framfærslusveit, er maður á, sem orðinn er 65 ára gamall, heldur hann síðan.

3. gr.

Í staðinn fyrir »10 ára dvöl« í 36. og 37. grein fátækralaganna komi: 5 ára dvöl.